# AUGLÝSING

**um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

*Þórsgötureitur, 1.181.1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 7. janúar 2003, deiliskipulag fyrir Þórsgötureit sem afmarkast af Þórsgötu, Týsgötu, Lokastíg og Baldursgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Efstaland 26 (Grímsbær).*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 26 við Efstaland.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Háskóli Íslands svæði A-F.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 14. maí 2002, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands varðandi svæði merkt A-F, svokallað þekkingarþorp.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hraunbær, milli Hraunbæjar, Bæjarhálss og Bæjarbrautar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. desember 2001, breytingu á deiliskipulagi varðandi svæðið milli Hraunbæjar, Bæjarhálss og Bæjarbrautar. Breytingin var afgreidd af skipulagsfulltrúa að lokinni auglýsingu þann 19. apríl 2002 þar sem engar athugasemdir bárust við auglýsingu hennar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Öskjuhlíð, Leynimýri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar varðandi svæðið norðan Vesturhlíðar, svokallaða Leynimýri.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Breytingin öðlast þegar gildi.

*Efstaland 26 (Grímsbær) og nágrenni, leikskólalóð.*
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 22. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi varðandi lóðina nr. 26 við Efstaland (Grímsbæ) og nágrenni. Var gildistaka breytingarinnar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda nr. 367/2002 með þeim fyrirvara að gildistöku hennar var frestað varðandi leikskólalóðina sunnan við Grímsbæ þar til aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 hefði öðlast gildi. Með vísan til þess er nú auglýst gildistaka breytingarinnar varðandi það svæði.
Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 22. janúar 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

23. janúar 2002 Nr. 43

# AUGLÝSING

## um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122/2000, hefur verið ákveðið kr. 2.408 á mánuði, að meðtöldum virðisaukaskatti, frá og með 1. janúar 2003 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

*Menntamálaráðuneytinu, 23. janúar 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Árnason.*